

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Dunhagi - Hjarðarhagi - Tómasarhagi -
deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 15. október 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. október 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 7. október 2020 á tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Auka þarf á sveigjanleika í notkunarheimildum húsnæðis. Hætta er á ef ekki er sveigjanleiki í kerfinu að húsnæði nýtist illa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Málefni Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga hafa verið til umræðu lengi ekki síst vegna athugasemda og gagnrýni íbúa svæðisins. Kvartað hefur verið undan málsmeðferð en skipulagsyfirvöld taka ekki undir það. Andmælendur hafa tvívegis unnið mál fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Eigendur fengu aukafrest til að skila athugasemdum. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort skipulagsyfirvöld telji að vel hafi verið tekið í ábendingar og athugasemdir íbúa hverfisins og hvort þeim hafi verið mætt eins og framast er unnt. En vonandi hefur náðst aðeins meiri sátt í málinu með þeim breytingum sem gerðar verða frá upphaflegu skipulagi/tillögum.

Helga Björk Laxdal
e.u.